



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Skarðshóla í Hornafirði



Indriði Skarphéðinsson

2025


Forsíðumynd: Horft til austurs yfir Grámoshóla.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Nóvember 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Niðurstöður	3
Heimildir:	3



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract


Sagnabrunnur ehf. conducted an archaeological survey of the Skarðshólar area in Hornafjörður in connection with local land-use planning. The project is registered under number 3531. The survey process included a review of written sources related to the area, an examination of both historical and recent aerial photographs, an analysis of older maps, and an on-site field inspection. No archaeological remains were identified within the survey area.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér fornleifaskráningu vegna deiluskipulags við Skarðshóla í Hornafirði. Verkaupi var Guðbjörg Ósk Jónsdóttir og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3531 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu, ásamt því að skoða svæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Áður en farið var á vettvang voru helstu heimildir rýndar, svo sem örnefnaskrá, túnakort, byggðarsaga o.fl. Þann 13. nóvember síðastliðinn fór Indriði Skarphéðinsson, starfsmaður Sagnabrunns ehf., á vettvang og tók svæðið út. Eftir að rýnt hafði verið í heimildir og svæðið skoðað á vettvangi kom í ljós að engar fornleifar er að finna innan deiliskipulagssvæðisins.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið við Breiðumýri

Skráningarsvæðið er staðsett þétt sunnan við Þjóðveg 1 í landi Hóla við Breiðamýri og Grámoshóla. Um er að ræða lágan, mosagróinn hól og mýrarsund við hann.

Deiliskipulagssvæðið er 186x136 m að stærð, friðuðum fornleifum fylgir 15 m friðhelgað svæði og vegna þessa náði skráningarsvæðið 15 m út fyrir deiliskipulagssvæðið.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á litlum hluta svæðisins vegna lagningar ljósleiðara (Vala Garðarsdóttir 2018).

Niðurstöður

Við vettvangskönnun fundust engin ummerki um fornleifar innan skráningarsvæðisins né fundust neinar heimildir sem benda til þess að fornleifar sé að finna á svæðinu. Bent er þó á að fornleifar geti leynst undir sverði án þess að nokkur ummerki þeirra sjáist á yfirborði.

Komi áður ókunnar fornminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu skal samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Heimildaskrá:

Jón Aðalsteinn Jónsson & Svavar Sigmundsson (1997). *Skaftafellssýsla, Sýslu- og Sóknaðlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Sögufélag. Reykjavík.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason (1971). *Byggðasaga Austur-Skaftafellsýslu*, I. Bindi. Bókaútgáfa Guðjóns. Reykjavík.

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Nesjahrepps – Hólar, Örnefnastofnun.

Vala Garðarsdóttir (2018). *Skráning fornminja á áhrifasvæði ljósleiðara í Nesjum og Mýrum*. VG-fornleifarannsóknir. Reykjavík.